

Starfsáætlun 2020-2021

UMBÆTUR – ÞRÓUN – SÍMENNTUN



HJALLATÚN

Formáli

Í þessari starfsáætlun er farið yfir helsta þróunar- og nýbreytnistarf sem áætlað er í leikskólanum Hjallatúni, starfsárið 2020 - 2021. Upplýsingar um starfið í Hjallatúni er að finna í 6. útgáfu af námskrá Hjallatúns sem kom út í september 2019. Námskrána og aðrar upplýsingar um leikskólastarfið er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans: www.hjallatun.is.

Þá förum við af stað inn í 20. skólaár Hjallatúns með glæsilegan starfsmannahóp, en árið er merkilegt í sögu skólans. Við munum fagna 20. starfsári Hjallatúns þann 8. janúar 2021 og að sjálfsögðu verður það gert á eftirminnilegan hátt. Það tekur svolítið á að líta til baka, það má segja að Covid – 19 hafi fengið nánast alla athyglina síðastliðinn vetur. Hann var erfiður hjá mörgum í samfélaginu og því miður höfum við ekki komist yfir veiruna ennþá. En við erum reynslunni ríkari og erum færari að lifa með veirunni og vitum hvað ber að hafa í huga til að reyna að verjast henni. Í ljósi þessa aðstæðna verða verkefni Hjallatúns mörg þau sömu í ár og stefnt var að í síðustu starfsáætlun.

Þó eru nokkur ný og spennandi verkefni sem bætast við. Við höfum tekið þá ákvörðun að færa börnin í Eldey inn í Hjallatún og færa kaffistofu starfsfólks og undirbúningherbergi út í Eldey. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að það hefur reynst erfitt að tengja Eldey við starfið í leikskólanum og ætlum við að leysa það með þessum hætti. Einnig verður nýting á stöðugildum betri í skólanum sem er stór þáttur í flóknu starfsmannahaldi alla daga í Hjallatúni. Með þessari breytingu fær starfsfólk mun betri aðstöðu til undirbúnings og til að taka sína kaffitíma. Rannsóknir sína að starfsumhverfi í leikskólum er ábótavant og kemur m.a. fram að það vanti betri aðbúnað til undirbúnings, stærri rými og meira næði. Við teljum að þessi ákvörðun okkur sé góð fyrir starfsfólk og börn í leikskólanum Hjallatúni.

Með auknum undirbúningstímum leikskólakennara samkvæmt nýjum kjarasamningi Félags leikskólakennara er ljóst að starfsumhverfi leikskóla breytist til muna. Þessar breytingar fela í sér mikil sóknarfæri fyrir leikskólastigið í jákvæða átt og færir það í átt að starfsumhverfi grunnskóla. Leitast verður við að finna þessum breytingum góðan farveg í samvinnu við kennara skólans varðandi tímasetningar og tilhögun. Skipulagið verður endurmetið tvisvar á starfsárinu, um áramót og að vori. Um áramót tekur í gildi vinnutímastytting hjá öllu starfsfólki skólans sem einnig mun hafa áhrif á skólastarfið. Þær breytingar verða unnar í samvinnu við Reykjanesbæ, en settur hefur verið á stofn starfshópur til að vinna styttingunni og koma með hugmyndir og útfærslur.

Í Hringekjunni ætlum við líka að huga að starfsumhverfinu. Við ætlum að sjá til þess að börnin dreifist á öll svæði og það verði ekki of mörg börn og mikið áreiti á hverju og einu svæði. Einnig ætlum við að vinna markvist með litla hópa tvisvar í viku í svokölluðum vinnustundum. Markmiðið er að minnka áreiti og að skapa umhverfi sem ýtir undir að börnin njóti sín í leik og starfi með starfsfólki skólans. Þessi vinna er þegar hafin, á skipulagdegi 11. september sl. var allur hópurinn að vinna að þessu verkefni. Verkefni eins og Heilsueflandi skóli, græn fána verkefnið og Leikur að læra munu halda sínu striki svo eitthvað sé nefnt.

Mat á síðasta skólaári

Áætlun þessi byggir á innra mati frá síðasta skólaári. Eftirfarandi mat fór fram:

- Starfsmannasamtöl deildarstjóra, september 2019.
- Endurmat starfsfólks sem framkvæmt var yfir skólaárið.
- Foreldrakönnun sem gerð var á vegum Skólapúlsins vorið 2020.

Niðurstöður úr endurmati liðins skólaárs voru ræddar á fundum í september sl. og drög lögð að þessari ársáætlun.

Hagnýtar upplýsingar

Barnahópurinn 2020-2021

Í leikskólanum dvelja 105 börn, við höfum pláss fyrir u.þ.b 112 börn og stefnum við á að taka inn börn fædd 2019 eftir áramótin. Þessi börn dvelja á sjö heimastofum. Yngstu börnin eru á Norðurgangi og eru þá tveir árgangar saman á Austurgangi og þrír áragangar saman á Vesturgangi.

Í Hjallatúni eru 58 stúlkur og 47 drengir og dvelja þau 986 klukkustundir á viku. Í Hjallatúni njóta 14 börn sérkennslu og fá stuðning við einstök verkefni eða í daglegum athöfnum.

Í Hjallatúni eru 50% barnanna tvítyngd sem tala 13 tungumál. Tungumálin sem eru töluð í Hjallatúni eru: Íslenska, rússneska, spænska, gríska, pólska, afríska, tælenska, litháíska, rúmenska, albanska, víetnamska, lettneska, filipíska og enska.

Á síðasta skólaári fengum við úthlutað 50% stöðugildi í verkefnastjórnun til þess að vinna með íslenskukennslu í Hjallatúni. Þetta stöðugildi var okkur kærkomið þó svo að síðasti vetur hafi ekki alveg skilað því sem við vonuðumst eftir vegna heimsfaraldar. Verkefnastjórinn er nú þegar farin að skipuleggja ný með spennandi verkefni fyrir þennan hóp. Allt starfsfólk Hjallatúns mun taka þátt í íslenskukennslunni alla daga. Við bindum vonir við að halda þessu stöðugildi og halda áfram að vinna að þessu verkefni í Hjallatúni sem er brýn þörf á þar sem barnahópurinn í Hjallatúni er um 50% tvítyngdur.

Í Hjallatúni er búið að ráða í 32 stöðugildi sem 37 starfsmenn deila með sér. Þetta skólaárið eru kvenfólk í öllum stöðum líkt og svo oft áður. Menntunarstig hópsins er fjölbreytt, hópurinn saman stendur af leikskólakennurum, iðjuþjálfra, öðru háskólamenntuðu fólki og leiðbeinendum. Í Hjallatúni eru 8 starfsmenn með leyfisbréf sem leikskólakennarar. Starfsmannahópurinn er líkt og barnahópurinn tvítyngdur, hópurinn er frá Íslandi, Póllandi, Litháen og Belgíu.

Barnahópurinn 2020-2021	Fjöldi
Börn fædd 2015	29
Börn fædd 2016	20
Börn fædd 2017	30
Börn fædd 2018	25
Börn fædd 2019	1

Nemar

Það er mikill metnaður í starfsfólki Hjallatúns, það eru ellefu starfsmenn að ganga menntavegin. Nemarnir stunda háskólanám við Háskóla Íslands og við Keili skólaárið 2020-2021. Þeir eru í grunnnámi og framhaldsnámi og eru þeir að nema leikskólakennarafræði, þroskaþjálfarafræði, uppeldis- og menntunarfræði, félagsráðgjöf og sálfræði.

Starfið komandi ár**Markmið og sérstakar áherslur:****Meginmarkmið Hjallatúns**

Frá upphafi hafa kennarar Hjallatúns unnið að þremur meginmarkmiðum:

- Að efla sjálfsþekkingar- og samskiptagreind barna.
- Að kenna börnunum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og styrkja sjálfsmynd.
- Að nota leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins.

Heiti verkefnis	Markmið	Verkefnastjóri	Tímarammi
Hringekja	• Að börnin dreifist betur á öll svæði og noti nöfnin sín þegar þau fara á milli svæða. • Virkja kennarana á svæðum. • Leikur að læra 2x í viku.	Ólöf M. Sverrisd, Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið
Uppeldi til framtíðar	• Rifja upp námsefni á skólaárinu. • Að nota námsefnið í daglegu starfi og í samstarfi með foreldrum.	Ólöf M. Sverrisdóttir, Arnbjörg E. Hannesdóttir.	Allt árið
Íslenskukennsla	• Að styrkja sjálfstraust og sjálfsmynd tvítyngdra barna sem kemur þeim vel í íslensku samfélagi. • Efla orðaforða, málhæfni, þátttöku og frumkvæði þeirra. • Vinna með litla hópa.	Karen Inga Elvarsdóttir verkefnastjóri og stjórnendur Hjallatúns.	Allt árið - kennt er í lotum

Markvissmálörvun	• Vinna markvisst með Orðaspjall • Vinna markvisst með hljóðkerfisvitund. • Vinna markvisst með Bínu. • Vinna markvisst með Lubba.	Deildarstjórar Hjallatúns.	Allt árið
Starfsþróun	• Virkja allt starfsfólk í starfinu • Leyfa fólki að takast á við ný verkefni • Vera með góða leiðsögn og kennslu í nýjum verkefnum • Hvetja starfsfólk til þess að sækja námskeið og miðla til annarra.	Stjórnendur Hjallatúns.	Allt árið
Sérkennsla	• Ráðgjöf og stuðningur við starfsfólks Hjallatúns. • Að leggja fyrir Efi - 2. • Vinna með markvissa málörvun og félagshæfni.	Sara Líf Kastbjerg Sveinsdóttir.	Allt árið
Samskipti og virðing	• Að vinna með hugtakið samskipti í starfsmannahópnum. • Að virðing fyrir samstarfsfélögum, börnum og foreldrum verði alltaf í fyrirrúmi. • Vinna með fiskinn	Stjórnendur Hjallatúns.	Allt árið sérstakar áherslur 3x á önn.
Eldey	• Við ætlum að færa heimstofuna inn í Hjallatún. • Að skapa eina heild.	Stjórnendur Hjallatúns.	September

Skólahópur	• Starfa eftir nýrri starfsáætlun. • Að skapa meira rými fyrir skólahóp og að stundirnar verði lengri í hvert skipti. • Samvinna við heimaskóla. • Leggja áherslu á eftirminnilegt loka ár í leikskólanum.	Íris Hilmarsdóttir og Erla Sigríður Arnardóttir.	Allt árið
Skólabragur	• Leggja áherslu á að töluð sé íslenska í leikskólanum og hvetja börn og starfsfólk af erlendum uppruna til þess að nota hana.	Allt starfsfólk Hjallatúns.	Allt árið
Starfsumhverfi	• Færa aðstöðu starfsmanna út í Eldey. • Breyting á undirbúingstíma leikskólakennara. • Styttning vinnu vikunnar. • Leggja áherslu á að nýta öll rými og vera ekki of mörg í hverju rými. • Huga að hljóðvist. • Draga úr streituvaldandi þáttum. • Leggja áherslu á einfaldleika. • Skapa umhverfi fyrir starfsfólkið þannig að það fái tækifæri til að vinna að faglega starfinu.	Ólöf M. Sverrisd. og Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið
Heilsueflandi skóli	• Í vetur ætlum við að vinna með fjölskyldu og nærsamfélag.	Hallfríður Matthíasd. og Arnbjörg E. Hannesd.	Allt árið

Hljóm - 2	• Leggja hljóm fyrir elsta hópinn. • Vinna með markmið allt árið og eftir niðurstöður hljóm – 2.	Karen Inga Elvarsdóttir.	September Allt árið
Nýliða þjálfun	• Markmiðið er að hafa öfluga nýliða þjálfun fyrir starfsfólk sem byrjar í haust. Þjálfunin verður í formi fyrirlestra og með leiðbeiningu í starfi.	Leikskólastjórar og deildarstjórar.	September- desember
Barnið í brennidepli	• Vinna samkvæmt árganganámskrá • Mætum börnunum þar sem þau eru stödd.	Deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Allt árið
Leikur að læra	• Höldum áfram með innleiðingarferli námsefnisins. Leikur að læra í samstarfi við Kristínu Einarsdóttur.	Ólöf Magnea Sverrisdóttir og Arnbjörg Elsa Hannesdóttir.	Allt skólaárið
Handbók – vinnuferlar	• Temja okkur að nota handbókina og fara eftir því sem hún segir. • Endurskoða handbókina reglulega.	Stjórnendur Hjallatúns.	Allt skólaárið
Grænfáni	• Flokka rusl. • Minnka plast notkun. Spara rafmagn • Nýta pappír.	Grænfánanefnd.	Allt árið

Mat á starfinu

Eftirfarandi mat er áætlað að fari fram.

- Starfsmannasamtöl leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra, september/október 2020.
- Foreldrasamtöl febrúar 2021.
- Endurmat í hópum á starfsmannafundi vorið 2021. Spurningar samdar af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Mat frá börnunum vorið 2021.

Kynning á leikskólanum

- Kynning fyrir foreldra elstu barnanna í nóvember 2020.
- Kynning fyrir nýja foreldra í maí/júní 2021.
- Kynning fyrir foreldra ef ný verkefni líta dagsins ljós.

Símenntunaráætlun 2020-2021**Námskeið**

Þetta eru þau námskeið sem er búið að skipuleggja fyrir veturinn. Einnig munum við sækja fleiri námskeið sem Reykjanesbær mun bjóða upp á sem eru ekki komin á dagskrá ennþá. Við viljum hvetja starfsfólk okkar til að vera duglegt að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir okkur leikskólafólkið og að nota styrkina sína og sækja námskeið.

Námskeið	Hvenær	Hverjir
Leikur að læra	Haust og Vor	Allir
Að stjórna jafningjum	September	Leikskólastjórar
Fyrirlestur	September	Allir

Skipulagsdagar

Fimm skipulagsdagar verða haldnir þetta árið þ.e.

Fyrirkomulag skipulagsdaga 2020– 2021

Föstudagurinn 11. september 2020: Vetrar starfið undirbúið, fyrirlestur

Mánudagurinn 2. nóvember 2020: Hringekjan staðan tekin, verkefni sem liggja fyrir

Mánudagurinn 1. febrúar 2021: Foreldrasamtöl

Föstudagurinn 5. mars 2021: Óákveðið

Föstudagurinn 14. maí 2021: Óákveðið

Foreldrasamstarf

Upplýsingastreymi til foreldra

Upplýsingastreymi verður að mestu leyti með svipuðu sniði og áður. Við ætlum að nýta heimasíðu skólans til þess að koma upplýsingum á framfæri og í gegnum tölvupóst. Við höldum áfram að nýta okkur Karellen sem heldur utan um allt frá umsóknum og til þess hversu vel barnið hefur borðað og sofið í leikskólanum. Við sjáum mikla hagræðingu með því að nota Karellen og teljum að foreldrar fái meiri upplýsingar og að samskipti geti verið auðveldari fyrir foreldra og starfsfólk.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla sitja þrír foreldrar í foreldraráði. Eftirfarandi foreldrar sitja í ráðinu: Anna Jóna Úlfarsdóttir, Michal Pacak og Jolanta Zdancewicz. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag Hjallatúns

Foreldrafélag Hjallatúns er samstarfsvettvangur foreldra. Félagið ber hag barnanna fyrir brjósti og kemur að leikskólastarfinu á ýmsan hátt. Sem dæmi má nefna hina árlegu og sívinsælu piparkökumálun, öllum börnum og fjölskyldum þeirra er boðið. Uppákomu jólasveinsins á jólaballinu með jólagjöf í farteskinu handa öllum börnum. Upplestur bókahöfundar úr barnabók fyrir jólin, hittingur í íþróttahúsi fyrir öll börn og foreldra svo eitthvað sé nefnt.

Foreldrakaffi

Foreldrakaffi verða með óhefðbundnum hætti að þessu sinni. Vegna takmarkana á samkomum höfum við ákveðið að setja foreldrakaffi á dagskrá þegar leikskólinn og samfélagið eru tilbúin í það. Foreldrakaffi verður auglýst með góðum fyrirvara.

Foreldrasamtöl

Í október fá foreldrar upplýsingar um hvað er fram undan í starfinu. Foreldrasamtöl verða í febrúar en í þeim er farið yfir líðan og þroska barnsins. Á þessu skólaári fara samtölin öll fram á skipulagsdegi í febrúar og leikskólinn verður lokaður þann dag þ.e. börnin mæta ekki þennan dag í leikskólann.

Lokaorð

Það má segja að við lifum á óvissu tímum og við vitum ekki hvað veturinn mun bjóða okkur upp á. Við erum með áætlun sem við reynum eftir fremsta megni að fara eftir og ná markmiðum okkar í sameiningu. Það skiptir okkur máli að börnum, foreldrum og starfsfólki skólans líði vel og að þau finni sig vel í leikskólanum. Börnin eru í fyrirrúmi alla daga og er það hlutverk kennarans að hlusta á þau og virða þeirra líðan og skoðanir. Við mætum þeim þar sem þau eru stödd og vinnum út frá því. Börnin eru á heimavelli í leikskólanum og er hann þeirra griðastaður þar sem þau geta verið þau sjálf og geti notið sín í leik og starfi.



Tekið saman í september 2020


Virðingarfyllst,

**Ólöf Magnea Sverrisdóttir,
Leikskólastjóri**

Foreldraráð hefur kynnt sér þessa starfsáætlun og samþykkir hana:



Mikael Parakh





Leikskóladagatal 2020 - 2021

Hjallatún

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 Þ	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 M	7 F	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 M	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 S	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 M	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 F	15 L	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 F	16 M	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 M	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 S	18 M	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 F	19 F	19 F	19 M	19 M	19 Þ	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 Þ	20 F	20 M	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 M	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 M	22 F	22 M	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 F
24 M	24 F	24 Þ	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 F	25 F	25 S	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 F	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 L	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 M	28 M	28 S	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 Þ	29 Þ	29 F	29 M	29 F	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L